

Alþingi
Erindi nr. P 131/1555
komudagur 25. 4. 2005

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 25. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur frumvarpið fela í sér ýmsar jákvæðar breytingar. Má þar nefnda jákvæðar breytingar á stjórnsýslu en skv. frumvarpinu flytjast leyfisveitingar til reksturs ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda frá ráðuneyti til Ferðamálastofu. Þar með er komið á málskotsleið til ráðuneytisins. Þá er að mati stjórnarinnar jákvætt að með frumvarpinu er verksvið ferðamálaráðs og skrifstofu (Ferðamálastofu) skýrar skilið að en er í gildandi lögum. Hins vegar gerir stjórn Eyþings athugasemd við þá breytingu frá gildandi lögum að ekki er lengur gert ráð fyrir að sveitarfélögin eigi fulltrúa í ferðamálaráði. Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélögin eigi þar áfram tvo fulltrúa. Er þá vísað til þess hve sveitarfélögin koma í ríkum mæli að uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri